

Aðalfundur Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar ÆSKP

Miðvikudaginn 27. febrúar 2019

Neskirkja við Hagatorg

- Fundur settur 18.35.
- 12 viðstaddir fundinn.

Berglind Hönnudóttir er kosin fundarstjóri með lófaklappi.

Daníel Ágúst Gautason er kosinn ritari með lófaklappi.

1. Ársreikningar, flutt af Sigurði Óskari við fjarveru gjaldkera.

Sigurður Óskar Óskarsson og Eva Björk Valdimarsdóttir flytja ársreikninginn í fjarveru Katrínar Helgu Ágústsdóttur gjaldkera.

Magnea Sverrisdóttir kemur með spurningu um hver annar rekstrarkostnaður sé, sem hækkaði um 200.000 kr frá 2017. Eva segir kostnaðinn aðallega vera út af alþjóðlegu leiðtoganámskeiði sem haldið var í haust. Styrkur var fyrir ferðakostnaði og uppihaldi en samstarfsfélag í Rúmeníu hafði ekki tók á að borga gjöldin, svo ÆSKP borgaði þau gjöld. Það óvenjulegasta við ársreikninganna er þessi annar kostnaður, vegna tilkomu þessa námskeiðs sem var dýrara en við bjuggumst við og við fengum minni styrk en við bjuggumst við. Eva segir að það var þess virði að halda þetta námskeið því mikið var lært af því. Flestir á námskeiðinu voru Íslendingar. Pétur Björgvin kenndi hvernig ætti að byrja og byggja upp æskulýðsfélag. Magnea spyr hvað voru margir á þessu námskeiði. Það voru 14 í alls, þar af þrír útlendingar.

Styrkur kirkjumálasjóðs miðast við vísitöluhækkun. Við erum á svipuðu róli og í fyrra.

Kosið er um að fresta afgreiðslu ársreikninga þar til Katrín kemur aftur. Samþykkt með meirihluta.

2. Starfsáætlun, flutt af Sigurði Óskari

Sigurður Óskar flytur starfsáætlun. Sjá nánar í skýrslu.

- ÆSKP mun halda aðalfund EF í Háteigskirkju 29-31. mars. Framkvæmdarstóri og formaður ÆSKP verða fulltrúar okkar á fundinum.

- Easter Course er haldið í ár í Whales 14-21. apríl. ÆSKP mun senda fimm þátttakendur á námskeiðið, á aldrinum 18-25.
- ÆSKP hefur sinnt undirbúningi KUF í samstarfi við fulltrúa á biskupsstofu. Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson verða verkefnastjórar í ár.
- ÆSKP ætlar að taka þátt í Gleðigöngunni aftur. Það er gríðarlega skemmtilegt verkefni og hafa aldrei jafn margir mætt og síðast.
- Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði þegar kemur að umfangi og vinnu. Ákveðið er að halda mótið í Ólafsvík næst. Undirbúningur er á byrjunarstigi. Óskar Ingi Ingason í Ólafsvík hefur tekið af sér að vera landsmótsstjóri.
- Ákveðið hefur verið að halda *Verndum þau* námskeið í haust í samstarfi við Fræðslusvið Biskupsstofu og ÆSKR.
- Samstarfsvettvangur ÆSKP, ÆSKR, ÆSKK, Biskupsstofu og KFUM/K hefur verið endurvakin og munum við halda haustnámskeið í því samstarfi í haust. Efni námskeiðsins hefur ekki verið ákveðið.
- Við munum halda áfram aðkomu okkar að Farskóla leiðtogaefna.

Petrína Kristjáns spyr er hvað Easter Course er. Útskýrt er að það er leiðtoganámskeið sem er ótrúlega skemmtilegt.

Magnea hvetur ÆSKP að hella sér í lestina á umhverfismálin. Þetta er eitthvað sem kirkjan er að taka meiri þátt í og við þurfum að gera þetta saman. Tímabil sköpunarinnar er í október, og Magnea hvetur ÆSKP og ungt fólk að taka þátt í þessu verkefni. Eva segir þetta vera skemmtilega og góða hvatningu. Sigurður tekur undir það.

Inga Harðardóttir þakkar ÆSKP fyrir að vera með umhverfisvænt æskulýðsmót, sem að vakti mikla hvatningu. Hún kemur með þá hugmynd að þrýsta á fyrirtæki að hætta notkun á frauðplasti og einnota plastmálum. Hún segir líka það skipta ótrúlega miklu máli að taka þátt í *Reykjavík Pride*. Hún nefnir að kirkjan verður sjálf fyrir miklum fordómum þar sem ungt fólk heldur að kirkjan hafi samkynhneigða. Hún kemur með hugmynd um að vera með hinseginfræðslu í æskulýðsfélögum um veturinn til að tengja þátttöku í Gleðigöngunni. Það hefur aldrei verið meiri þörf á fræðslu um kynferði og kynferðismál. Slík fræðsla var meðal annars haldin í Árbæjarkirkju á vegum Samtakana 78. Starfsáætlun er borin undir samþykkti fundarins. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Rekstraráætlun og ákvörðun félagsgjalda, flutt af Evu Björk

Eva Björk flytur rekstraráætlun og ákvörðun félagsgjalda. Sjá nánar í skýrslu.

- Við reiknum með og vonum að fá sama styrk frá kirkjumálasjóði, um 10.000.000 kr.
- Aðildargjöld eru núna 25.000 kr á ári.
- Síðasta landsmót var 300 manna mót á Egilstöðum. Staðsetningin gæti útskýrt litla mætingu.
- Styrkur frá kirkjumálasjóði fyrir landsmóti í fyrra var 2.000.000 kr. Aðrir styrkir fyrir landsmót voru 300.000 kr.
- Gjöldin eru alls 20.491.000 kr.

Ingunn Björk Jónsdóttir spyr hvort að fjármagn ÆSKP ætti ekki frekar að nota sína fjármuni í að borga upp í landsmótið en ekki safna peningum, s.s. borga meira með mótinu en það hefur verið að gera.

Kristján nefnir að ÆSKR var með Febrúarmót fyrir rúmri viku og það var fjölmennasta mót ÆSKR í þó nokkur ár. Börnin eru því til staðar í æskulýðsstörfunum. Hans tilfinning er að þátttakan á landsmóti hafi miðast við staðsetninguna. Það voru foreldrar á móti því að senda börnin sín á Egilstaði, svona langt í burtu.

Eva segir ef að mótið verður fjölmennt er það frekari forsendur að lækka mótsgjöld.

Kristján nefnir að mótsgjald fyrir Friðriksmót vera 16.900 kr sem er fremur hátt miðað við að KFUM/K eigi staðinn. Gjald Febrúarmót er 11.500 kr. Hann telur eðlilegt að Landsmót sé dýrara en Friðriksmót.

Sigurður segir að rúturnar veru dýrasti þátturinn.

Eva segir að mótsgjöld voru hækkuð fyrir tveimur árum síðar, þegar að Ingi, sem hefur séð um rútumálin á landsmót, hætti í samstarfi við ÆSKP. Því þarf ÆSKP að fá tilboð frá mismunandi rútufyrirtækjum. Sem betur fer fór það ekki eins illa og á horfðist. En það er ástæðan fyrir því að við höfum ekki þorað að lækka gjöldin aftur.

Ingunn kemur með tillögu að mótsgjaldið á landsmót verði 15.000 kr. Þá myndu gjöld ÆSKP hækka um tvær miljónir.

Eva leggur til að mótsgjaldið sé lækkað niður í 18.000 kr, eins og þau voru fyrir tveimur árum.

Kosið er að gjaldið á landsmót er farið niður í 15.000 kr. Tveir kusu með.

Kosið er um að landsmót sé lækkað niður í 18.000 kr. Það er samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Samþykkt er með öllum greiddum atkvæðum að árgjaldið verði enn 25.000 kr.

4. Skýrsla framkvæmdarstjóra, flutt af Sigurði Óskari

Sigurður Óskar flytur starfsáætlun. Sjá nánar í skýrslu.

- Janúarnámskeið var haldið í Skálholti. Þar var fjallað um sjálfsstyrkingu. Eva kenndi hugleiðingagerð og Jónína Sif Eypórsdóttir kenndi hvernig ætti að byggja upp æskulýðsstarf. Það heppnaðist vel og 14 mættu.
- Haustnámskeið var haldið í Hjallakirkju í samstarfi við ÆSKR. Kennt var *Verndum þau*, um rétt viðbrögð þegar grunur liggur á um að verið sé að beita barni ofbeldi og brýnt er á ábyrgð okkar sem æskulýðsstarfsfólk.
- Þetta árið var ákveðið að fylgja eigin ráðleggingum frá landsmóti á Selfossi og nota það sem til var í Reykjavík Pride. Ást er ást og það er óþarfi að gera einfalda hluti flókna. Því var sami kross og var notaður árið áður notaður aftur. Matt 5.14 var slagorð okkar. Það eru orð sem minna á reisu okkar og ljós. Hjalti Jón Sverrisson leiddi verkefnið af mikilli snilld. Sérlega ánægjulegt hvað margir prestar mættu.
- Haldið var alþjóðlegt námskeið um leiki og hvernig hægt er að nota þá gegn félagslegri einangrun. Pétur Björgvin Þorsteinsson ofurdjákni sá um fræðsluna. Hann talaði um hvaða leiki eru sniðugir hvenær á ferlinum, hvað er viðeigandi á hverjum tíma. Ólafur Stefánsson fjallaði á heimspekilegan hátt um hvernig við segjum sögur og um leik- og lífsgleði. Skátar á svæðinu gáfu þátttakendum færi á að spreyta sig í klifurvegg og í bogfimi. Nexus kom og kenndu borðspil. Sóttu 14 námskeiðið, þar af tveir Rúmenar og einn Dani. Námskeiðið fór fram á ensku.
- Landsmót var haldið á Egilstöðum í október. Þemað var leikir og félagsleg einangrun og félagsleg tengsl almennt. Sigríður Rún Tryggvadóttir sá um fræðsluna. Heildarfjöldi var 295 manns, 19 hópar, þar af leiðtogar 47, ásamt 12 sjálfboðaliðum og 11 manna mótsnefnd. Fagnað er að Húsavík og Þórshöfn tóku þátt í ár. Allur ágóði af sjoppunni fór í tómsundarsjóð Hjálparstarfs kirkjunnar. Ákveðin fjölgun var á landsmóti því við fengum hópa sem höfðu ekki komið áður og við höldum sama fjölda og árið áður.

- Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupstofu 26. maí. Ása Laufey og Kristján voru verkefnastjórar. Það hefur verið pappírslaust síðan 2017. Tillögur voru samþykktar um þingsköp og skipan mótsins.

5. Skýrsla landsmótsstjóra, flutt af Evu Björk í fjarveru Jóhönnu Ýrar.

Eva Björk flytja ársreikninginn í fjarveru Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur, landsmótsstjóra. Sjá nánar í skýrslu.

- Landsmótið var haldið á Egilstöðum 26-28. Október.
- Tvær undirbúningsferðir voru til að átta sig á staðháttum og skipuleggja.
- Þemað var leikir og notkun leikja. Alþjóðlega námskeiðið var þannig undirbúningur fyrir landsmótið.
- Sett var hvíld á venjulegt hópastarf og frekar var leikja-hringekja. Það var upphalds tími Evu, þegar 300 krakkar voru í leikjum í einu. Það gekk svo vel upp því að leiðtogarnir sem sáu um leikina voru góðir í því. Mótsnefnd sá líka um að stökkva inn í þegar á þurfti.
- Fókusinn var á félagslega einangrun, því krakkar eru meira einangraðir eftir því að þau eru meira í sínum og tölvum. Hugmyndin kom frá Austfjörðum, að það væri þörf á að fjalla um þetta á mótinu.
- Mótsnefndir var vel skipuð og Jóhanna talar fallega um hana.
- Það var svolítil endurnýjun í mótsnefndinni þetta árið. Nýtt og ungt fólk er að koma inn í mótsnefnd.
- Haldin var Mission: Impossible leikur sem kom mjög vel út. Myndir sem voru teknar í þeim leik björguðu okkur út af nýju persónuverndarlögunum.
- Fræðsla Siggú Rúnar var virkilega skemmtileg og lifandi.
- Á síðustu stundu var ákveðið að hafa ekki stöðvamesu því tíminn var of knappur. Í staðinn var messa með hefðbundnu sniði.
- Sjálfboðaliðarnir komu vel út. Krakkar sem voru ekki nógu gömul að vera leiðtogar en of gömul til að vera þátttakendur. Sjálfboðaliðahópurinn er eitt það flotta í kirkjustarfinu sem að við þurfum að fjalla meira um.

Engar spurningar.

6. Kosningar formanns og gjaldkera

Laust er embætti formanns og gjaldkera.

Katrín gefur kost á sér áfram sem gjaldkeri. Berglind býður hana fram í fjarveru hennar. Hún er kosin með öllum greiddum atkvæðum.

Auglýst er eftir framboðum til formanns. Jóhanna Ýr gefur kost á sér sem formaður. Eva býður hana fram í fjarveru hennar. Hún er kosin með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning fimm manns í varastjórnar

Berglind býður kost á sér. Eva býður kost á sér. Sóley Adda Egilsdóttir býður kost á sér. Inga býður kost á sér. Anna Lilja Steinsdóttir gefur kost á sér. Þær eru allar kosin með lófaklappi.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Ingunn býður kost á sér. Guðmundur Karl Einarsson býður kost á sér. Þau eru sjálfkjörin.

9. Önnur mál

Helga Kolbeinsdóttir spyr hvort að búið er að ræða hvaða efni verður á námskeiði samstarfsvettvangsins. Markhópurinn fyrir það námskeið eru leiðtogar. Magnea tekur það fram að verkefnið er allt á byrjunarreit og forleg umræða um þetta er ekki komin af stað.

Kristján lýsir ánægju yfir þeim plönnum að ÆSKP ætla að gera SMS kerfi fyrir aðildarfélög og hlakkar til að heyra frá því formlega. Það er vika í að SMS kerfi biskupsstofu lokar. Biskupstofa hefur ákveðið að hætta að reka SMS-kerfið, sem ÆSKP þykir miður. Því ætla félagið að taka yfir þessu kerfi. Guðmundur Karl þekkir tækniliðina í þessu máli. Hugmyndin kemur frá Kristjáni. Þetta verður sama kerfi en slóðin mun breytast. Það þarf að setja inn öll gögn upp á nýtt, þau munu ekki flytjast yfir á milli kerfa. ÆSKP ætla að borga fastan kostnað en kirkjur verða að borga notkunina.

Kristján hvetur nýja stjórn til að skoða möguleika á því að halda landsþing æskulýðsfulltrúa strax næsta haust í september. Þetta er góður vettvangur til að tala um hluti án þess að þurfa að sinna börnum í leiðinni. Þetta gæti verið stofnfundur að fagfélagi æskulýðsfulltrúa.

Inga kemur með hugmynd um að heimsækja Youth Church í útlöndum.

Magnea vill endurtaka hvatningu til ÆSKP um að vera með fleiri verkefni og að leggja áherslu á umhverfismál.

Ingunn vill setja fram tillögu að í lögum landsmóts segi „fargjöld“ en ekki „rútgjöld“, þegar fjallað er um ferðamáta þátttakenda á landsmót. Þetta er lagabreyting sem þarf að koma fram tveimur vikum fyrir aðalfund. Þetta er tillaga sem þarf því að leggja til fyrir næsta aðalfund.

Sóley spyr hvenær landsmótsnefnd er skipuð. Eva auglýsir eftir framboðum í landsmótsnefnd. Berglind býður sig fram. Eva segir að nauðsynlegt sé að koma því á framfæri að landsmótsnefndin sé ekki lokaður hópur, heldur geta aðrir sem eru ekki í stjórninni mótað nefndina.

Kristján tekur upp þráðinn frá Ingunni og kemur með formlega áskorun til stjórnar að skoða möguleika varðandi flutningsmálin á landsmót og taka til greina óskir og athugasemdir aðildarfélaga

- Fundi slitið 20.01.